

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 137/128
komudagur 9.6.2009

Reykjavík, 6. júní 2009

Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 27. maí 2009 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, 4. mál, flutningur úrgangs milli landa, EES-reglur. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa hefur farið yfir meðfylgjandi gögn og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Almennar athugasemdir:

Almennt séð gerir félagið ekki athugasemdir við frumvarpið. Um er að ræða innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1013/2006 og er þessi breyting sem nauðsynleg er til að skýra ábyrgð og eftirlit með flutningi úrgangs milli landa.

Athugasemdir við einstaka greinar:


3. gr., liður d, (15. gr., *Eftirlit og sýnataka*).

Skv. þessari grein skal Umhverfisstofnun fara með eftirlit með flutningi úrgangs milli landa. Stofnuninni skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits að einstökum förmum úrgangs sem fluttur er milli landa, þar á meðal til töku sýna og myndatöku. *Heimild þessi nær einnig til úrgangs sem er undirbúinn til flutnings.* Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefur eftirlit með þeim fyrirtækjum sem taka á móti úrgangi og þá einnig undirbúa hann til flutnings erlendis. Haft er eftirlit með öllum þáttum starfseminnar. Hér gæti eftirlit skarast, þetta þarf að skýra betur til að koma í veg fyrir að tvöfalt eftirlit verði með fyrirtækjunum.

3. gr., liður b, (13. gr., *Takmörkun á flutningi úrgangs*)

Hér kemur fram að Umhverfisstofnun skeri úr ef upp kemur ágreiningur um hvort um vöru eða úrgang er að ræða og sætir sú ákvörðun ekki endurskoðun æðra stjórnvalds. Að mati félagsins ætti að vera málskotsréttur varðandi þessar ákvarðanir eins og aðrar, enda fresti kæra ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa,


Svava Svanborg Steinarsdóttir,
formaður